

Fundargerð

144. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins mánudaginn 12. október 2010 kl. 12⁰⁰–14³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) fjarverandi
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) fjarverandi
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Rafbílavæðing
- (3) Rekstraryfirlit janúar – september 2010
- (4) Frumvarp til fjárlaga fyrir 2011
- (5) Breytingar á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (143. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Rafbílavæðing

Magnús Jónsson og Sighvatur Lárusson, frá Northen Light Energy, komu á fundinn og kynntu “Þjóðaráttak um rafbílavæðingu Íslands Lagt er fram tilboð frá Even (dótturfélag NLE) um að Úrvinnslusjóður gerist aðili að þjóðaráttaki. Málið falið framkvæmdstjóra til skoðunar. Gestir yfirgefa fund kl. 12:50.

3. Rekstraryfirlit janúar – september 2010

Lagt var fram yfirlit yfir rekstur vörflokka janúar – september 2010.

4. Frumvarp til fjárlaga fyrir 2011

Farið var yfir fjárlagafrumvarpið hvað varðar Úrvinnslusjóð. Upphæðirnar í frumvarpinu eru í samræmi við rekstraráætlun sem send var til Umhverfisstofnunar í júlí á þessu ári.

5. Breytingar á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs

ÓK kynnir frumvarp um breytingar á lögum um úrvinnslugjald og meðhöndlun úrgangs. Verði væntanlegt frumvarp samþykkt, færist hlutverk stýrifyndar raftækjaúrgangs til stjórnar Úrvinnslusjóðs jafnframt því að fjölgað verður um einn stjórnarmann sem tilnefndur verður af

Félagi atvinnurekenda, áður Félagi íslenskra stórkaupmanna. Meðal ákvæða í væntanlegu frumvarpi eru:

Seljendur þurfa að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum.

Framleiðendaábyrgð er uppfyllt með greiðslu úrvinnslugjalds

Ákvæði um úrvinnslugjald á skilagjaldsambúðir felld niður.

6. Önnur mál

Engin

Fundi slitið 14:30

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs